

**Starfshópur um stefnumótun**  
**Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra**

4. fundur haldinn í Setrinu 6. september 2021  
Fundur hófst kl. 19:30.

**Fundinn sátu:**

Sumarliði Ásgeirsson formaður  
Hanna Jónsdóttir  
Ingveldur Eypórsdóttir  
Magnús Ingi Bæringsson tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Magnús Ingi Bæringsson

Starfsópur hittist til að undirbúa kynningarfundinn með íbúum búseturéttaríbúða að Skólastíg 14. Á þann fund voru íbúar hvattir til að mæta til að kynna sér málefnið og koma með ábendingar, þannig skapa starfshópnum gott veganesti.

Fyrir kynningarfundinn sammældist starfshópurinn um mikilvægi þess að fá kynningu frá fulltrúa heilbrigðis- og/eða félagsmálaráðuneytinu um stefnu ríkisins í öldrunarþjónustu og hvað þjónustu búast megi við að HVE leysi af Hólmi.

Kynningarfundur hófst kl. 20:00 og var vel mætt.

Formaður starfshóps fór yfir markmið með skipan starfshóps og jafnframt yfir nokkra áherslupunkta sem hafa verið áberandi í fréttum og umræðunni um öldrunarmál og þjónustu.

Íbúar að Skólastíg 14 lögðu áherslu á:

- Mikilvægi þess að áfram verði móttökueldhús með aðgengi að matsal þar sem í boði verði að borða saman.
- Mikilvægi neyðarþjónusta í gegnum neyðarhnapp. Kom fram tillaga um að nýta Vökustaur á nóttinni til að bregðast við neyðarboðum með því að mæta á staðinn.
- Aðgengi að sameiginlegu þvottahús þar sem ekki allar íbúðir eru með þvottaaðstöðu.
- Að gert verði ráð fyrir geymslurými. Vantar geymslurými fyrir sumar íbúðir.
- Aðgengi að setustofu fyrir samkomur og hreyfingu t.d. bretti, stígvél og hjól.
- Viðveru starfsmans við mat, félagsstarf, þvott og þrif.
- Að í nýjum íbúðum verði snyrting staðsett við svefnherbergi og þau það rúmgóð að auðvelt sé að aðstoða við böðun og aðgengi fólks við göngugrindur sé tryggt.
- Að tryggja góða hönnun á innréttingum. T.d. er of hátt í suma eldhússkapa fyrir eldra fólk.
- Að viðhald sé í fastari skorðum en verið hefur.

Fram koma að HVE væri að bjóða upp á meiri þjónustu á Akranesi og Borganesi hvað varðar heimahjúkrun og þrif. Fundurinn óskaði eftir að það væri kannað og ef rétt reynist að óskað verði eftir sömu þjónustu fyrir Snæfellsnesið.

Næsti fundur fyrirhugaður 20. september eða í þeirri viku þar sem kalla á saman helstu hagsmuna hópa eins og stjórn og starfsfólk Dvalarheimilis, formenn öldungaráðs, velferðar- og jafnréttisnefndar og stjórn Aftanskins. Tilgangur fundar að kynna tilgang starfshóp og óskar eftir tillögum.

**Fundi slitið kl. 21:00**